



Sunnudagurinn 16. maí 2021.

Stjórnarfundur í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur.

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar.

Mættir: Sveinbjörn Guðjohnsen (SG), Ásgrímur Jörundsson (JÁ), Erla Guðmundsdóttir (EG), Finnur Kristinsson (FK), Kolbrún Kristín Birgisdóttir (KKB), Páll Sigurðsson (PS), Hallgerður Hauksdóttir (HH), Salka Jóhannsdóttir (SJ).

Formaður setti fundinn og byrjaði á að þakka öllum mættum fyrir góðan aðalfund. Fullkomin mæting á fyrsta stjórnarfund, sem er til fyrirmyndar.

SG hafði tekið saman lista yfir efni fyrir fundinn, sem hann hafhenti öllum fundarmönnum. Gengið til dagskrár:

1. Lagði til að farið yrði í hópreið að athafnasvæði / girðingu Fjáreigendafélagsins (FR) sunnudaginn 24. Maí. Kom fram að ekki víst að það yrði góð mæting, þannig að þessari hópreið var frestað. Líklegt er þó að SG, PG og AJ fari síðar að skoða aðstæður (sjá lið lið 9).
2. Hreinsunardagur. Ákveðið að hann yrði laugardaginn 29. Maí. HH ætlar að skoða hvort og hvernig er staðið að því að fá plastgám frá Pure North Recykling í Hveragerði. Hringrás ætti að geta útvegað járn-gám. EG ætlar að skoða með Árna Geir. Pantar síðan gáma fyrir timbur og grófan, óflokkaðan úrgang. Hreinsunardagurinn verður auglýstur tímanlega á facebook síðu Fjárnborgar. Gámar yrðu komnir á staðinn á föstudag 28.
3. Fráveitumál og hitaveita, áfangar 2 og 3. Mikilvægt að finna réttu tengiliðina hjá borginni og fá fund með þeim. PS á bréf sem sent var 2017 og mun koma því á SG og FK. SG og FK munu fara í málið og reyna að koma þessu af stað.
4. Facebook síða Fjárnborgar. Dagný og Svandís hafa admin að síðunni. SG vill að ritari fái einnig aðgang og mun hafa samband við Svandísi og kalla eftir þessu.
5. Heimasíða. Áhugi fyrir að koma upp heimasíðu fyrir Fjáreigendafélagið. Einföld heimasíða með lykil upplýsingum. HH benti á dyravernd.is, sem hún sér um. SG búinn að taka frá lénið, fjárnborg.is. Lógó félagsins ætti að vera til hjá Árna Andersen. HH ætlar að skoða hversu mikið mál þetta er.
6. 4G samband er lélegt í B götunni. Mannvit hefur umsjón með dreifikerfinu fyrir símafélögin og rétt að skoða hvaða leið er best að fara til að bæta stöðuna. Lagt er til að skrifað verði bréf til Símans og Vodafone varðandi þetta vandamál. Hér er um öryggismál að ræða. FK skoðar.
7. Lögbergsrétt. Úttekt þarf að gera á réttinni og kanna hversu mikið mál er að laga hana þannig að hún dugi næstu árin. SG, PS og AJ ætla að fara í vettvangsferð á þriðjudag kl. 20 og skoða. Kom fram sú hugmynd að kannski væri einfaldara að safna fénu á bíl norðan vegar, keyra í Fjárnborg og rétta þar. Mögulega hægt að gera með lausum, færanlegum grindum.
8. Ástand Baðhússins og mannvirkja Fjáreigendafélagsins. Rotþró baðhússins er full og mikilvægt að hún verði tæmd strax. EG ætlar að finna út hver hafi séð um losunina og pantar. Hlið á hringgerði ónýtt. Skoða þarf hvort hægt sé að útbúa léttari hurð með öruggri og einfaldri lokun. SG ætlar að fá tilboð.



- FK og SG ætla að skoða ástand Baðhússins og reyna að áætla hvað þurfi að gera til að koma því í gott stand. Skoða þarf hverjir hafa aðgengi að húsinu.
9. Langavatnstún. PS sagði að túnið þarfnaðist áburðar, þannig að hægt væri að nýta það til beitar. Ef bera ætti lífrænan áburð á túnið hefði það þurft aðgerast í mars/apríl. Því þarf að skoða með tilbúinn áburð. PS ætlar að athuga með að fá tilboð í áburðinn og eins koma honum út. Verður gert í samráði við SG og EG.
 10. Skipta þarf um yfirborðsefni í gerðum og Hringgerði. Of mikill sandur og enginn bindingur. EG ætlar að fá Árna Geir til að skoða með sér og athuga með kostnað.
 11. Heiðursfélagar. SG vildi að skoðað yrði að gera eldri félagi að heiðursfélögum. Nefndi hann sem möguleika, Jónas, Guðmund „smala“ og Ólaf Dýrmondsson. Var tekið vel í þetta. Þarf að útbúa skrautrituð skjöl til að afhenda þeim við gott tækifæri. HH þekkir til skrautskrifara og ætlar ásamt EG að kanna kostnað og hvernig verður staðið að þessu. Mögulega hægt að útbúa grunnskjal, sem síðar væri hægt að nota við svona tækifæri.
 12. Formaður Fáks, Hjörtur Bergstað, hafði samband við Sveinbjörn og óskaði honum til hamingju með kjörið sem formaður Fjáreigendafélags Reykjavíkur og hafði áhuga á samstarfi við félagið. M.a. vegna byggingu reiðhallar. Fákur fundar með borginni í þessari viku vegna reiðhallar, sem áhugi er fyrir að byggja í Almannadal. Nokkur umræða varð um málið. Allir jákvæðir, en fyrsta sem þarf að skoða er í hvaða formi þessi samvinna á að vera. Reiðhöll á svæðinu mynd henta fjáreigendafélaginu betur ef hún væri staðsett nær okkur, en í deiliskipulagstillögu, sem nú er verið að kynna hjá borginni, er gert ráð fyrir lóð undir reiðhöll við endan á malbikuðu götunni að svæðinu, nokkru fyrir suðaustan Baðhúsið. Reiðhöllin gæti nýst undir hrúta- og fjársýningar, lambaskoðun á vorin fyrir leikskólabörn, réttir, reiðkennslu og námskeið. Bent var á að Sóti á Álftanesi hefði nýlega byggt reiðhöll í þessari stærð sem um ræðir, þ.e. 20x40 að innanmáli. ÁJ þekkir til á Álftanesi og er til í að kynna sér málið fyrir næsta fund.
 13. Málningarafsláttur. Slippfélagið er til í að veita eigendum húsa í Fjárborg 50% afslátt af málningu. Staðgreiða þarf efnið og yrði það keypt út á kennitölu Fjárborgar. Þetta þarf að útfæra nánar og verður SG í sambandi við Slippfélagið.
 14. Húsasmiðjan er til í að veita 15 – 35 % afslátt af efni og þarf einnig að skoða fleiri afsláttarmöguleika fyrir meðlimi.
 15. Eilífðarvandamálið að losna við hrossa- og kindatað var rætt. Árni Geir og kunningi hans hafa skoðun á hvern mögulega er hægt að standa að þessu. Mögulega hægt að endurnýja kynnin við Langavatnssvæðið, nálægt girðingunni. Væri gott að finna varanlega lausn. Einnig nefnt að mögulega er hægt að fá að keyra lífræna áburðinn á einkaland við Lykalfell. Það verður þó ekki gert án vitundar heilbrigðisyfirvalda m.a. vegna vatnsverndar.

Ýmis önnur mál rædd lauslega, s.s. villikettir / húskettir. Bessi og kannabísræktun. Rætt án niðurstöðu.

Ekki ákveðinn tími fyrir næsta fund.

Fundarritari Finnur Kristinsson.